

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Vaxtaákvörðun

Stefnuyfirlýsing peningastefnunefndar



Kynningarfundur

24. maí 2023

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðlegur
hagvöxtur
áfram slakur en
framboðshlið
er að lagast




Mikill vöxtur
innlendar
eftirspurnar
undanfarið



Horfur á
tölувert meiri
hagvexti í ár en
spáð var í
febrúar



Störfum heldur
áfram að fjölgja
og þrálát
spenna er á
vinnumarkaði



Verðbólga helst
áfram mikil og
hjaðnar hægar
en áður var
spáð






Mikil óvissa um
efnahagshorfur
og hversu þrálát
verðbólgan
verður



Efnahagsumsvif

Alþjóðahagvöxtur veikur en þó meiri en var spáð

- Töluvert hægði á hagvexti í helstu viðskiptalöndum á Q4 í fyrra – mikil verðbólga og þrengri fjármálaleg skilyrði vógu þungt ...
- ... en bati í þjónustu veldur því að vöxturinn hefur verið meiri en vænst var í PM 23/1 ... en hagvaxtarhorfur eru áfram lakan
- Álag á virðiskeðjur og flutningskostnaður komin á svipað stig og fyrir farsótt og hækkun hrávöruverðs hefur gengið til baka




1. Árstíðarleiðréttar tölur. Grunnspá Seðlabankans fyrir 1. og 2. ársfj. 2023. 2. PMI-framleiðsluvísitala S&P Global fyrir þjónustu (Services Business Activity Purchasing Managers' Index) og framleiðslu (Manufacturing Purchasing Managers' Index). Vísitölnar eru birtar mánaðarlega og eru árstíðarleiðréttar. Þegar gildi þeirra er yfir 50 gefur það vísbendingu um vöxt í framleiðslu milli mánaða en samdrátt ef það er undir 50. Myndin sýnir einfalt meðaltal fyrir Bandaríkin, Bretland og evrusvæðið. 3. Mælikvarðinn á álag framleiðslukeðja (GSCPI) tekur saman áhrif 27 mismunandi mælikvarða á flutningskostnaði og afhendingartíma þar sem búið er að hreinsa út eftirspurnaráhrif. Verðvísitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. Gögn til og með 19. maí 2023.

Mikill hagvöxtur í fyrra en þó minni en spáð í febrúar


- Hagvöxtur var 7,6% að meðaltali á Q1-Q3 í fyrra en minnkaði í 3,1% á Q4 – töluvert undir þeim 6,3% vexti sem var spáð í PM 23/1
- Hagvöxtur á árinu öllu var því 6,4% en ekki 7,1% eins og spáð var í febrúar ... lakari utanríkisviðskipti skýra frávikið – sérstaklega breytt meðhöndlun á viðskiptum með hugverk í lyfjaiðnaði en án hennar hefði hagvöxtur á Q4 verið 6,7% og 6,6% á árinu öllu

Hagvöxtur og framlag undirliða¹

1. ársfj. 2020 - 4. ársfj. 2022






Þjóðhagsreikningar 2022



1. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og hagvaxtar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Vísbendingar um mikinn kraft á Q1 í ár




- Áframhaldandi kraftur í ferðaþjónustu á Q1 í ár og spáð fleiri ferðamönum á árinu en í PM 23/1 ... útflutningshorfur batna
- Tölувert hægði á ársvexti einkaneyslu á Q4 í fyrra en kortatölur benda til þess að vöxturinn hafi aukist nokkuð aftur á Q1
- Innflutningur fjárfestingarvöru og kröftugur útlánavöxtur benda til áframhaldandi vaxtar fjárfestingarumsvifa í ár



1. Leitarniðurstöður út frá þáttalíkani sem tekur saman tíðni fimm ólíkra leitarniðurstaðna sem tengjast ferðalögum til Íslands samkvæmt Google-leitarvélinni (árstíðarleiðrétt). Fjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll. Gögn til og með apríl 2023. 2. Greiðslukortavelta á föstu verðlagi. Grunnspá Seðlabankans fyrir vöxt einkaneyslu á 1. ársfj. 2023. 3. Innflutnar fjárfestingavörur og flutningatæki til atvinnurekstrar (þó ekki skip og flugvélar). Almenn atvinnuvegafjárfesting er atvinnufjárfesting án stóriðju, skipa og flugvéla. Grunnspá Seðlabankans fyrir vöxt almennrar atvinnuvegafjárfestingu á 1. ársfj. 2023.
Heimildir: Ferðamálastofa, Gallup, Google Trends, Hagstofa Íslands, Isavia, Seðlabanki Íslands.

Atvinnuleysi lítið og áfram áraun á framleiðslubætti

- Samkvæmt VMK fjölgaði störfum um 6,9% í fyrra og 4% á Q1 í ár – fjölgunin á Q1 5,1% skv. staðgreiðslugögnum
- Atvinnuleysi skv. VMK hefur haldist í kringum 3¾% í tæplega ár ... en skráð atvinnuleysi hefur lækkað áfram og var 2,6% í apríl
- Áfram greinileg áraun á innlenda framleiðslubætti og NF-vísitalan hefur verið yfir sögulegu meðaltali síðan Q3/2021




1. Launafólk samkvæmt tölum úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra en önnur gögn eru úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands. Fólk á aldrinum 16-74 ára. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðrétttra talna. 2. Skráð atvinnuleysi er án fólks á hlutabótum frá og með mars 2020. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðrétttra talna. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðslubátta byggjast á viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Vísitala nýtingar framleiðslubátta (NF-vísitalan) er fyrsti frumpáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðslubátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2. Árstíðarleiðréttar tölur. Brotalínur sýna meðaltöl frá 2006.


Töluvvert meiri hagvöxtur í ár en spáð var í febrúar

- Vísbendingar eru um að mikill hagvöxtur hafi verið á Q1 í ár og spáð er 4,8% hagvexti á árinu öllu
- Mun meiri en í PM 23/1: meiri vöxtur innlendrar eftirspurnar (bæði einkaneyslu og fjárfestingar) vegur þungt en einnig meiri þjónustuútflutningur og breytt meðferð á hugverkaútflutningi ... horfur fyrir næstu 2 ár breytast hins vegar lítið

Hagvöxtur og framlag undirliða 2018-2025¹




Breyting á hagvaxtarhorfum frá PM 23/1 og framlag undirliða



1. Grunnspá Seðlabankans 2023-2025. Brotalína sýnir spá PM 2023/1.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.




Verðbólga

Verðbólga mælist enn mikil ...

- Verðbólga var 9,9% í apríl – eins og í janúar en lítillega minni en í febrúar þegar hún var 10,2% – hefur verið yfir 9% í næstum ár
- Verðbólga án húsnaðis mælist einnig mikil og var 8,7% í apríl (HICP 8,3% og hjaðnar annan mánuðinn í röð)
- Undirliggjandi verðbólga heldur áfram að þokast upp og var 7,5% í apríl en bil ólíkra mælikvarða minnkar


Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2019 - apríl 2023



Mæld og undirliggjandi verðbólga¹




Janúar 2019 - apríl 2023



1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölum (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnaðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur vísitölum neysluverðs).




... og stærri hluti neyslukörfu hefur hækkað töluvert

- Framlag húsnæðisliðar til ársverðbólgu fer minnkandi og vægi annarra liða eykst: innlendar vörur og dagvörur hafa hækkað um 12,2% sl. ár og almenn þjónusta um 8,1% ... innfluttar vörur hafa einnig hækkað mikið (7,9%)
- Æ stærri hluti undirliða að hækka mikið: 47% neyslukörfu hækkaði um meira en 10% í apríl (10% í apríl 2021 og 3% í apríl 2020)



Alþjóðleg verðbólga minnkar en gengi ISK lítið breytt




- Verðhækkanir á hrávöru í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu hafa gengið til baka og olíu- og gasverð er orðið lægra en fyrir innrásina
- Alþjóðleg verðbólga hjaðnar í takt við lækkun orkuverðs en mikil þjónustuverðbólga hægir á hjöðnun undirliggjandi verðbólgu
- Gengi krónunnar hefur lækkað undanfarið eftir lækkun frá seint í janúar – er nú svipað og fyrir PM 23/1 og 5,7% lægra en fyrir ári



1. Brent verð á hráolíu. Skyggða svæðið sýnir tímabilið frá upphafi stríðsátaka í Úkraínu 2. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þróng viðskiptavog).
Heimildir: Alþjóðabankinn, Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.

Laun hækka mikið og langt umfram framleiðni

- Laun hafa hækkað mikið undanfarið – sérstaklega í kjölfar nýgerðra kjarasamninga: 8,9% árshækkun launavísitölu á Q1
- Þrátt fyrir þetta lækkuðu raunlaun um 1% á Q1 ... en það kemur í kjölfar uppsafnaðrar riflega 8% raunlaunahækkunar 2019-22
- Mun meiri hækkan raunlauna 19-21 og minni lækkun 22 en í öðrum iðnríkjum og launahækkanir langt umfram framleiðnivöxt





1. Meðaltekjur á vinnustund í framleiðslu staðvart með vísitölu neysluverðs. Norðurlönd (án Íslands) sýnir einfalt meðaltal fyrir Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Miðgildi 17 Evrópulanda undanskilur Norðurlönd og Bretland.

2. Framleiðni vinnuafls úr þjóðhagslíkani Seðlabankans er mæld sem verg landsframleiðsla á vinnustund þar sem byggt er á heildarvinnustundum út frá vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK). Framleiðni vinnuafls skv. birtingu Hagstofunnar er hins vegar mæld sem vergar þáttatekjur á vinnustund þar sem byggt er á heildarvinnustundum út frá vinnumagni þjóðhagsreikninga.

Heimildir: Hagstofa Íslands, OECD, Seðlabanki Íslands.

Hægir á hækkan húsnæðisverðs




- Áfram hægir á árshækkun húsnæðisverðs: var 8,6% í apríl en mest 25,5% í júlí 2022 og raunverð því tekið að lækka
- Íbúðum sem seljast yfir ásettu verði hefur fækkað mikið: voru 13% í apríl en mest 62% í júní 2022 ...
- ...og fjórfalt fleiri íbúðir eru á sölu nú en fyrir ári og meðalsölutími hefur sexfaldast



1. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall íbúða sem seldar eru yfir auglýstu söluverði af heildarfjölda íbúða á sölu. Þriggja mánaða hlaupandi meðaltal. 2. Fjöldi íbúða á sölu og meðalsölutími á höfuðborgarsvæðinu.
Heimildir: Fasteignavefur Morgunblaðsins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar haldast háar og kjölfesta löskuð



- Svartsýni markaðsaðila á verðbólgu til skemmri tíma hefur aukist: búast við 4,5% verðbólgu eftir 2 ár (4% síðast)
- Verðbólguvæntingar þeirra til næstu 5 ára hafa einnig hækkað í 4% og 5-ára verðbólguálagið var 5,2% um miðjan maí
- 5/5-ára verðbólguálagið hefur hins vegar lækkað og var komið í 3,1% um miðjan maí – en vísbendingar um að kjölfesta hafi laskast



1. Kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja og Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Miðgildi svara. 2. Meðaltal mánaða. Gögn til og með 19. maí 2023. 3. Miðað er við verðbólguvæntingar markaðs- og greiningaraðila til fimm ára.

Horfur á að verðbólga hjaðni hægar en áður spáð

- Verðbólga var 10% á Q1 – 0,5 pr. meiri en spáð var í PM 23/1 – undirliggjandi verðbólguþrýstingur reyndist vanmetinn
- Spáð að verðbólga minnki í 9,4% á Q2 en verði yfir 8% allt árið ... fer ekki undir 4% fyrr en Q4/2024 og ekki undir 3% fyrr en 2026
- Önnur líkön spá einnig hjöðnun verðbólgu en benda líka til þess að hætta sé á að það gerist hægar en grunnspá gerir ráð fyrir



	Ársmeðaltöl	Árslok
2022	8,3%	9,4%
2023	8,8%	8,1%
2024	5,0%	3,9%
2025	3,4%	3,3%


1. Samanburður á grunnspá og spám heildarfjnvægislíkans bankans (DYNIMO) og meðaltals 5 tölfræðilega metinna verðbólglíkana sem bankinn notar við að gera skammtíma verðbóluspá.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Fráviksdæmi


Hvað ef aðhald ríkisfjármála eykst meira?

- Fráviksdæmið gerir ráð fyrir auknu aðhaldi (jafnt á tekju- og gjaldahlið) sem nemur samtals 60 ma.kr. 2023-24 (2½% af VLF)
- Hægir á vexti einkaneyslu en „ryður inn“ fjárfestingu einkaaðila í gegnum lægri vexti og viðskiptahallinn verður minni
- Hagvöxtur og verðbólga verða einnig minni og vextir lægri ... stærðargráða og hraði áhrifa fer eftir útfærslu aðhaldsaðgerða



Hvað ef ferðamönum fjölgar hraðar?

- Fráviksdæmið gerir ráð fyrir að fyrra hámark (2,3 millj. ferðamanna 2018) náist í ár (tæplega 2,2 millj. í grunnspá) og fyrra hámark markaðshlutdeildar frá 2017 náist í lok spátíma ... gerist það eykst útflutningur hraðar, raungengi hækkar meira og viðskiptahallinn minnkar frá grunnspá ... hagvöxtur verður enn kröftugri og verðbólguþrýstingur meiri – og vextir því hærri






Miðlunarferli peningastefnunnar


Miðlunarferlið og samsetning lána heimila

- Vaxtahækkun minnkar auð heimila, eykur atvinnuleysi og dregur úr ráðstöfunartekjum heimila og á endanum úr einkaneyslu
- Eykur einnig eftirspurn eftir verðtryggðum lánum á kostnað óverðtryggðra lána ...
- ... en það virðist ekki hafa áhrif á það hvernig peningastefnan hefur áhrif á raunhagkerfið

Áhrif vaxtahækkunar á útgjaldaáform heimila og val þeirra á lánaformi¹



Áhrif vaxtahækkunar á einkaneyslu á tímum ólíkrar lánasamsetningar²



1. Myndin sýnir áhrif 1 prósentu hækkunar meginvaxta á hreinan auð heimila að raunvirði, kaupmátt ráðstöfunartekna, atvinnuleysi og einkaneyslu yfir 20 ársfjórðunga tímabil. Áhrifin er fengin með VAR-líkani metnu fyrir tímabilið 1. ársfj. 2001 til 4. ársfj. 2022. Einnig eru sýnd áhrif vaxtahækkunar á val heimila á milli verðtryggðra og óverðtryggðra húsnæðislána. Dekkra skyggða svæðið sýnir 68% öryggisbil matsins en það ljósara 90%. Peningastefnuskellirnir eru metnir með Cholesky-þáttun og er stærðum líkansins raðað í þeiri röð sem þær birtast á myndinni. 2. Myndin sýnir miðgildi og 68% líkindadreifingar fyrir tvö ólík tímabil mismikils umfangs óverðtryggðra húsnæðislána þar sem stíkar líkansins fá að breytast yfir tíma metnu með Bayesískum-aðferðum fyrir tímabilið 1. ársfj. 2003 til 4. ársfj. 2022. Dekkra skyggða svæðið sýnir 68% líkindadreifingar matsins fyrir 1. ársfj. 2012 en það ljósara fyrir 4. ársfj. 2021.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðlegur
hagvöxtur
áfram slakur en
framboðshlið
er að lagast




Mikill vöxtur
innlendar
eftirspurnar
undanfarið



Horfur á
tölувert meiri
hagvexti í ár en
spáð var í
febrúar



Störfum heldur
áfram að fjölgja
og þrálát
spenna er á
vinnumarkaði



Verðbólga helst
áfram mikil og
hjaðnar hægar
en áður var
spáð



Mikil óvissa um
efnahagshorfur
og hversu þrálát
verðbólgan
verður



Ritið í heild



Kynning aðalhagfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Tíst



Facebook